



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Landlínur ehf
Þórður Þórðarson
Jaðri 2
311

Reykjavík, 29. apríl 2008
Tilvísun: UST20080400060/bs

Breytingu á aðalskipulagi Leirár- og Melahrepps vegna efnistöku

Við er til bréfs Landlína ehf. dags. 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér stækkun efnistökusvæðis í svonefndum Háumelum til suðvesturs.

Fyrirhuguð efnistaka er innan svæðis nr. 237 á náttúruminjaskrá. Vegagerðin nýtti upphaflega þetta námusvæði. Sú stofnun hætti efnistöku og gekk frá námunni þar. Árið 1999 var gefið út framkvæmdaleyfi til efnistöku í Háumelum þar sem gert var ráð fyrir að taka allt að 8.000 m³ sunnan og vestan við eldra námusvæði. Þessi efnistaka hefur staðið yfir í námunni til dagsins í dag. Frágangi hefur lítt verið sinnt á vinnslutíma utan síðasta ár. Ásýnd svæðisins hefur verið til lýta frá því að efnistaka hófst að nýju í Háumelum.

Umhverfisstofnun telur frekari efnistöku í Háumelum óheppilega vegna sjónrænna áhrifa. Einnig skal bent á að ef gengið verður of nærri skriðufæti Hafnarfjalls aukast líkur á að efnistakan gæti valdið skriðuföllum í fjallinu sem hefðu veruleg neikvæð sjónræn áhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af ofangreindum atriðum að hætta eigi efnistöku í Háumelum og að Hvalfjarðarsveit taki námuna af skipulagi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Guðrún Þorvarðardóttir

Afrit: Hvalfjarðarsveit